

# Skipulagsmál á Lakasvæðinu

Ráðstefna um skipulagsmál fyrir  
Lakasvæðið, Kirkjubæjarklaustri  
10. mars 2007

Guðrún Halla Gunnarsdóttir - Skipulagsstofnun

# Forsendur frekari skipulagsvinnu

- Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015
- Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014
- Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma
- Þjóðgarður, lög um náttúruvernd
- Þjóðlendur
- Stakar skipulagsákvarðanir á svæðinu
- Vinnsla deiliskipulags á einstökum svæðum

# Ekkert má byggja nema fyrir liggi skipulag

- Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. (byggingarleyfi sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga)
- Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag

# Framkvæmdaleyfi


- Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.
- Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla (sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga)
- Skal vera í samræmi við skipulag og ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum þarf álit eða ákvörðun Skipulagsstofnunar að liggja fyrir

Á fjöllum í Skaftárhreppi



# Hver er skipulagsstaðan á Lakasvæðinu og hvers er ábyrgðin?

- Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2005, staðfest 10. maí 1999 = samvinnunefnd miðhálandis / JÁ
- Aðalskipulag Skaftárhrepps 2003-2015, staðfest 26. Mars 2003 = sveitarstjórn Skaftárhrepps / JÁ
- Deiliskipulag einstakra svæða = sveitarstjórn / NEI
- Umhverfismat áætlana = sveitarstjórn / NÝTT ?!
- Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda = framkvæmdaaðili / ÞEGAR VIÐ Á



# Af hverju var ráðist í gerð svæðisskipulags miðhálandisins?

óvissa um stjórnsýslu á miðhálandinu  
sérstaða nýtingar – ekki föst búseta  
vaxandi óskir um byggingarframkvæmdir  
vaxandi ferðamennska á svæðinu  
friðlýst svæði – óspillt víðerni  
Skortur á heildstæðri framtíðarstefnu um  
nýtingu hálandisins



# Stefna svæðisskipulagsins


- Náttúruverndarsvæði
- Almenn verndarsvæði
- Önnur svæði
- Fyrirhuguð orkuvinnslusvæði
- Núverandi landgræðslusvæði
- Vatnsverndarsvæði (auðugustu lindasvæðin)
- Vegakerfið (aðalfjallvegur, fjallvegir, einkavegir)
- Helstu reiðleiðir
- Megin gönguleiðir
- Hálendismiðstöð, skálar og fjallasel
- Friðlýstar og merkar fornminjar auk friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá

# Stefnan nánar

- Áframhaldandi uppbygging ferðamannaþjónustu með endurbótum á vegakerfi og eflingu þjónustu á jaðarsvæðum
- Fjallabaksleið nyrðri – mannvirkjabelti – (aðal) fjallvegur
- Hugmyndir um orkuframkvæmdir á vatnasviði Skaftár, 550 GWst/ári - hugsanleg miðlun um Langasjó í Tungná, **fyrirvari** um stærð miðlunarlóns og aðra tilhögun virkjunar
- Hálendismiðstöð í Hólaskjóli, þjónustustaðir við Fjallabaksleið nyrðri og gönguskálar á öðrum svæðum

# Hús á fjöllum (Blágil?)





# Hvað er aðalskipulag?

- Markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun alls lands sveitarfélags til a.m.k. 12 ára
- Samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu Leggur grunn að deiliskipulagi
- Virkt stjórn­tæki sem nýtist beint við ákvarðanir og aðrar áætlanir sem snerta ráðstöfun lands
- Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð og framfylgd

# Stefna aðalskipulagsins

- Óbyggð svæði ofan 200 m (útvist, engin mannvirki)
- Landbúnaðarsvæði
- Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd (v. náttúruminja, lindasvæða og hluta af Skaftáreldahrauni)
- Vatnsverndarsvæði (hverfisvernduð lindarsvæði)
- Verslunar- og þjónustusvæði (Blágil, Lambask.h.)
- Frístundabyggð (F= skáli og V= veiðihús)
- Vegakerfi (6 leiðir), reiðleiðir og gönguleiðir (ath.?)
- Sérþókkun vegna Skaftárveitu (ekki iðnaðarsvæði)

# Stefna um Skaftárveitu aðalskipulaginu

- Að svo komnu máli mun aðalskipulagið ekki breyta svæðisskipulaginu hvað varðar orkuvinnslusvæði Skaftárveitu 1
- Sveitarstjórn hefur fyrirvara á þessum málaflokki þar til niðurstöður rammaáætlunar og samanburður á mismunandi kostum á orkunýtingu Skaftár ofl. vatnsfalla liggur fyrir
- Ekki er ljóst á þessu stigi hver útfærsla Skaftárveitu 1 verður þ.e. hvar gögn, skurðir, vegir og efnistökusvæði munu liggja eða hvort Langisjór verður stækkaður eða nýtt lón myndað
- Á sveitarfélagsuppdrætti kemur því hvorki fram landnotkun iðnaðarsvæðis né verndarsvæðis við Langasjó, en um málið er fjallað í greinargerð

## Hverjir koma að skipulagsvinnu? Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

### “Aðal-leikarar”

- Sveitarstjórn
- Skipulagsnefnd
- Aðrar nefndir
- Skipulagsfulltrúi og hans starfsfólk
- Skipulagsráðgjafi
- Sérfræðingar
- Stofnanir sem fara með einstaka málaflokka

### Aðrir

- Íbúar, einstaklingar
- Hagsmunahópar
  - Landeigendur
  - Fasteignaeigendur
- Ríkið
- Önnur sveitarfélög



# Viðfangsefni aðalskipulags

- Aðstæður í sveitarfélaginu (“vandamál”) , fyrirliggjandi stefna og áætlanir
- Samfélagið, íbúar, þjónusta, atvinnulíf, byggð (þéttbýli/dreifbýli)
- Helstu forsendur frá náttúrunnar hendi m.a. jarðfræði, veðurfar, gróðurfar og dýralíf
- Viðfangsefni eftir landnotkunarflokkum skv. skipulagsreglugerð

## Uppdráttur

Ráðstöfun lands til mismunandi nota, staðsetning samgangna og veitna

## Greinargerð

Vegvísir til þess að samræma aðgerðir og ákvarðanir sveitarfélaga, reglur og sjónarmið sem ganga skal út frá við ákvarðanir í einstökum skipulags- og byggingarmálum



# Lög og reglugerðir

- Skipulags- og byggingarlög
- Lög um umhverfismat áætlana
- Lög um mat á umhverfisáhrifum
- Lög um náttúruvernd
- Vegalög
- Þjóðminjalög
- Lög um húsafriðun
- Jarðalög
- Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni
- Skipulagsreglugerð
- Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum
- Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

# Tengsl við aðrar áætlanir og stefnumörkun


- Náttúruverndaráætlun
- Samgönguáætlun
- Byggðaáætlun
- “Rammaáætlun”
- Skógræktaráætlanir
- Landgræðsluáætlanir
- Sorpförgunaráætlanir
- Staðardagskrá 21
- “Velferð til framtíðar”
- Alþjóðlegar eða norrænar skuldbindingar



# Umhverfismat áætlana




- Ferli eða verklag sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð áætlana.
- Umhverfisjónarmið lögð til grundvallar við mótnun áætlana, auk félagslegra og efnahagslegra sjónarmiða.
- Umhverfi skilgreint mjög vítt: Náttúrufar, félagslegir og hagrænir þættir
- Settir fram mismunandi valkosti og þeir bornir saman m.t.t. til áhrifa á tiltekna umhverfispætti
- Umhverfisáhrif:
  - breyting á umhverfispætti/páttum sem á sér stað yfir tiltekið tímabil og er afleiðing nýrrar áætlunar
- Er breytingin góð eða slæm miðað við stefnu stjórnvalda um vernd umhverfis og tiltekinna umhverfispátta?

# Skipulagsferlið






# Umhverfismat áætlunar



Veruleg umhverfisáhrif



Mat leiðir til breytingar á stefnu eða að nýr valkostur er skoðaður

**Hafa skal hliðsjón af umhverfismati við afgreiðslu áætlunar**

Úti í auðninni.....er þetta þjóðlenda?






# Þjóðlenda




- Hugtak um eignarrétt (lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eingarlanda, þjóðlenda og afrétta nr. 58/1998)
- Skilgreind í þjóðlendulögum sem "landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi."
- Eignarland er hins vegar "landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma."
- Fram að gildistöku þjóðlendulaga voru til landsvæði á Íslandi sem enginn eigandi var að.
- Með lögunum er íslenska ríkið lýst eigandi þessara svæða auk þeirra landsréttinda og hlunninda þar sem aðrir eiga ekki, og þau nefnd þjóðlendur...hafa verið nefnd nöfnum eins og hálendi, óbyggðir, afréttir og almenningar, allt að því tilskildu að utan eignarlanda sé.
- Tilgangur laganna er að leysa úr þeirri óvissu sem lengi hefur verið uppi um eignarhald á ýmsum hálendissvæðum landsins.
- Nákvæmlega hvaða landsvæði urðu þjóðlendur við gildistöku þjóðlendulaganna skýrist eftir því sem verki óbyggðanefndar miðar áfram.




# YFIRLITSKORT YFIR ÞJÓÐLENDUR Á SVÆÐUM 1 - 4 SAMKVÆMT ÚRSKURÐUM ÓBYGGÐANEFNDAR OG DÓMUM HÆSTARÉTTAR



ÞJÓÐLENDUMÁL

Stærð: 1:50,000

-  Þjóðlandulína
-  Sveitarfélagsmörk
-  Þjóðlands og aðrir
-  Þjóðlands í abstraksíön

-  Önnur óbæin eignaréttindi í þjóðlandi
-  Aðrir þjóðlendir (þjóðland utan jókkla)
-  \*Dómur Hæstaréttar

Dag: 11. október 2008

LANDLASSAMUNINGAR.FLA, AUSTURVÖRUR 4, 820 REYKJAVÍK, 1400-4000, 1400-2000, 1400-3000, 1400-4000, 1400-5000, 1400-6000, 1400-7000, 1400-8000, 1400-9000, 1400-10000



# Hvað er deiliskipulag?

- **Deiliskipulagsáætlun** nær til einstakra svæða innan sveitarfélags og er nánari útfærsla á aðalskipulagi (sýnir lóðir).
- Það er lagalegur grundvöllur fyrir útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa og er ætlað að tryggja réttaröryggi og gæði manngerðs umhverfis í þéttbýli og dreifbýli.
- Ákvarðanir í deiliskipulagi skulu teknar með lýðræðislegum hætti í samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila.

# Framhaldið.....

- Skipulagsáætlun er tæki sveitarstjórnar (og almennings) til að sjá fyrir sér og meta æskilega og eðlilega þróun landnotkunar fram í tímann, áður en hin svokölluðu “skipulagsslys” hafa átt sér stað
- Deiliskipulagsgerð áður en farið er út í framkvæmdir er því góður kostur

Vinum saman að skýrum framtíðarmarkmiðum okkar allra í skipulagsmálum, bæði í stóru og smáu.....



Takk

